

**7**  
4. maí

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag þess almanaksmánaðar, sem næstur fer á eftir staðfestingu þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 31. maí 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**8**  
5. maí

## L ö g

um

lækkun á aðflutningsgjaldi af kolum og salti.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aðflutningsgjald af kolum skal vera 5 krónur af smálest til ársloka 1922, en úr því greiðist aðflutningsgjald af kolum samkvæmt vörutollslögumun. Aðflutningsgjald af salti skal vera 3 krónur af smálest til 31. mars 1922, en frá þeim degi greiðist aðflutningsgjald af salti samkvæmt vörutollslögumun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 5. maí 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*